| Stofnun: | Staða: |
| --- | --- |
| **Iðnaðarráðuneyti.** | |
| Einkaleyfastofan | Forstöðumaður |
| Iðntæknistofnun Íslands | Forstjóri |
| Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins | Forstjóri |
| | Aðstoðarforstjóri |
| Rafmagnseftirlit ríkisins | Rafmagnseftirlitsstjóri |
| Sementsverksmiðja ríkisins | Forstjórar |
| Rafmagnsveitur ríkisins | Forstöðumaður fjármálasviðs |
| | Forstöðumaður tæknisviðs |
| **Viðskiptaráðuneyti.** | |
| Löggildingarstofan | Forstöðumaður |
| **Umhverfisráðuneyti.** | |
| Náttúruverndarráð | Framkvæmdastjóri |
| Veiðistjóri | Veiðistjóri |
| Skipulagsstjóri ríkisins | Skipulagsstjóri |
| Náttúrufræðistofnun Íslands | Forstöðumaður |
| Veðurstofa Íslands | Veðurstofustjóri |

Auglýsing þessi tekur gildi 1. febrúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 23. janúar 1992.*

**Friðrik Sophusson.**

*Birgir Guðjónsson.*

Nr. 29 13. janúar 1992

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 13. janúar staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem staðfest var 8. desember 1982.

Breytingin er fólgin í því að felld er niður tenging Hólshrauns við fyrirhugaða tengibraut norðan svæðisins og breytt landnotkun norðan Hólshrauns úr verslun og þjónustu í þjónustu-, verslunar- og iðnaðarsvæði.

Breyting þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

*Umhverfisráðuneytið, 13. janúar 1992.*

F. h. r.
**Páll Líndal**

*Hrafn Hallgrímsson.*